

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og sorpurðun í Hveragerðisbæ.

1. gr.

Almennt.

Gjöld fyrir sorphirðu og sorpurðun eru lögð á árlega og innheimt samhliða fasteignaskatti.

2. gr.

Sorphirðugjald.

Sorphirðugjald er 14.500 kr. á hverja íbúðareiningu.

3. gr.

Sorpurðunargjald .

Sorpurðunargjald er 21.500 kr. á hverja íbúðareiningu.

4. gr.

Aukatunnur.

Innheimtar eru 35.000 kr. fyrir hverja „gráa“ tunnu. „Grænar“ tunnur eru gjaldfrjálssar en ekki er miðað við fleiri en eina slíka aukatunnu við hverja íbúðareiningu.

5. gr.

Annað.

Gjaldskrá þessi er sett á grundvelli samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Hveragerði nr. 342/2010 og 5. mgr. 59. gr. laga nr. 7/1998 með síðari breytingum um hollustuhætti og mengunarnarnir og öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur gjaldskrá um sorphirðu og sorpurðun í Hveragerðisbæ nr. 1385/2019 úr gildi. Þannig samþykkt af bæjarstjórn Hveragerðisbæjar við síðari umræðu þann 10. desember 2020.

Hveragerði, 10. desember 2020.

Aldís Hafsteinsdóttir bæjarstjóri.